

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
18.02.2020	17:00	HT stofa 101	8
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Jóna Þórey Pétursdóttir	Guðjón Björn		18.02.20
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
Róbert Ingi Ragnarsson (RIR) (R)			
Ingveldur Anna Sigurðardóttir (IAS) (V)			
Isabel Alejandra Diaz (IAD) (R) fyrir Lilja Guðmundsdóttir (LG) (R)			
Adda Malín Vilhjálmisdóttir (AMV) (V)			
Tinna Líf Jørgensdóttir (TLJ) (R)			
Úlfur Traustason (ÚT) (V)			
Elín Ragnarsdóttir (ER) fyrir Viktor Örn Ásgeirsson (VÖÁ) (R)			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
Azra Crnac (AC) (V)			
Eyrún Baldursdóttir (EB) (R)			
Freydís Þóra Þorsteinsdóttir (FÞÞ) (R)			
Ragna Kristín Guðbrandsdóttir (RKG) (V)			
Vigdís Ólafsdóttir (VÓ) (R) (17:25)			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
Eva Ragnarsdóttir Kamban (ERK) (R)			
Derek Terell Allen (DTA) (V)			
Ragnhildur Þrastardóttir (RÞ) (R)			
Þórdís Dröfn Andrésdóttir (ÞDA) (R)			
Þórhildur Elísabet Þórsdóttir (ÞEP) (R)			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
Hrannar Rafn Jónasson (HRJ) (R)			
Kolbrún Lára Kjartansdóttir (KLK) (V)			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
Aðalbjörg Egilsdóttir (AE) (R)			
Ásmundur Jóhannsson (ÁJ) (R)			
Guðrún Karitas Blomsterberg (GKB) (V)			
Jessý Rún Jónsdóttir (JRJ) (R)			

Einar Halldórsson (EH) (V)

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Jóna Þórey Pétursdóttir, forseti Stúdentaráðs (JÞP)

Guðjón Björn Guðbjartsson, hagsmunafulltrúi Stúdentaráðs (GBG)

Benedikt Traustason, varaforseti Stúdentaráðs (BT)

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Sigurður Vopni Vatnsdal (SVV) (R)

Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir (AÓS) (R)

Björnfríður S Björnsdóttir (BSB) (V)

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Stúdentaráðsfundur mánudaginn 18. febrúar stofu HT 105 kl. 17:00

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15
3. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum (atkvæðagreiðsla) 17:15-17:35
4. Hugrún - kynning (atkvæðagreiðsla) 17:35-17:50
5. Hlé 17:50-18:00
6. Aldursgreiningar - umræða 18:00-18:10
7. Ársreikningur 2019 - kynning 18:10-18:50
8. Fjárhagsáætlun SHÍ 18:50-19:30

9. Fulltrúi í ráði um málefni fatlaðs fólks (lokaður dagskrárliður) 19:30-19:40
10. Önnur mál 19:40-20:00
11. Bókfærð mál

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

RÞ: taka út einhverja setningu sem er eignuð mér sem meikar ekki sense. Var búið að berast í pósti.

Athugasemd barst frá AMV vegna fundargerðar. Sendir inn nánari uppl.

IAS bar upp athugasemd frá Ragnhildi Öldu. Sendir inn nánari upp.

JÞP leggur til frestun á liðnum þar til eftir hlé þar sem aths hafa ekki borist.

Kosning: Einróma samþykkt.

2. Tilkynningar og mál á döfinni 17:05-17:15

JÞP fer yfir fyrirhugaða breytingu á skráningargjöldum og viðbrögð hennar og BT við henni. Greinir frá drögum að kvörtun til umboðsmanns. Þetta mál verður tekið upp á auka stúdentaráðsfundi.

JÞP greinir frá bílastæðamálum.

- Umræður:
- IAS: Hefur komið í ljós hvenær MSN fer í gang?
- JÞP: Ekki komið í ljós, fjölmiðlafrumvarpið er að taka upp mikinn tíma innan ráðuneytisins. Hún og MÓÓ halda að þetta hljóta að vera gert fyrir apríl vegna fyrirhugaðra breytinga á úthlutunarreglum LÍN og ætlan stofnunarinnar um að semja nýjar úthlutunarreglur fyrir MSN fyrir 1. apríl, ef þetta á að taka gildi á næsta ári.
- KLV: Varðandi strætópassann, hvað um fólk á landsbyggðinni? Hvernig á fólk að nýta sér þetta sem býr t.d. á Akureyri?
- JÞP: Hvort þú greiðir 5.000 kr fyrir 12 mánaða strætópassa er valkvætt.

BT greinir frá sambandsþingi LUF sem er 29. febrúar. og ef áugasemir einstaklingar vilja mæta skuli láta vita

3. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum (atkvæðagreiðsla) 17:15-17:35

- a. AE greinir frá málinu. Tillöguna má finna í viðauka fundargerðar. Kemur til í kjölfar neyðaryfirlýsingar SHÍ. 20 aðgerðir í fjórum flokkum. Verið að vinna að HÍ26 stefnunni en þar á að koma inn sjálfbærniákvæði. HÍ verður skikkaður til að fylgja þessu ef þetta fer inn í stefnuna. Allar þessar aðgerðir eru raunhæfar, eitthvað sem HÍ á að geta gert.

T I L L A G A

10. fundur Stúdentaráðs 2020

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands samþykki neðangreinda áskorun um að Háskóli Íslands lýsi yfir neyðarástandi í loftslagsmálum og geri viðeigandi aðgerðaráætlun fyrir Háskóla Íslands.

Flutningsaðilar: Aðalbjörg Egilsdóttir forseti umhverfis- og samgöngunefndar SHÍ, Eyrún Baldursdóttir, oddviti Röskvu, Vigdís Ólafsdóttir, Ásmundur Jóhannsson

Aðgerðir HÍ vegna loftslagsvárnar:

Í kjölfar yfirlýsingar Stúdentaráðs Háskóla Íslands um neyðarástand í loftslagsmálum skorum við á Háskóla Íslands að gera slíkt hið sama og að aðgerðir fylgi. Háskóli Íslands er æðsta og stærsta menntastofnun landsins og ber sem slík ríka samfélagslega ábyrgð. Stúdentar telja að skólinn eigi að vera leiðandi í umræðu og baráttunni við loftslagsvána en til þess þarf skólinn að taka skýra afstöðu. Vísindin tala sínu máli og er óumdeilt að loftslagsváin er nú þegar farin að hafa gríðarlegar afleiðingar á daglegt líf fólks um allan heim sem og á lífríki heimsins.

Frá því í maí 2019 þegar Stúdentaráð lýsti yfir neyðarástandi, og hvatti stjórnvöld og Háskóla Íslands til að gera slíkt hið sama, hefur mikið vatn runnið til sjávar, sérstaklega í umræðu vísindasamfélagsins varðandi loftslagsvána. Um 11 þúsund vísindamenn skrifuðu undir [afdráttarlausa yfirlýsingu](#) í nóvember 2019 þess efnis að neyðarástand ríki á jörðinni vegna loftslagsvárnar. Kom þar fram að vísindamenn hafa siðferðislega skyldu til þess að vara mannkynið við. Stúdentaráð telur með sömu rökum að HÍ beri að bregðast við, taka afstöðu og koma á skýrri og róttækri aðgerðaráætlun um hvert framlag skólans verði í baráttunni við loftslagsvána.

Nýlega samþykkti stjórn AURORA samstarfsnetið, sem HÍ er hluti af, að allir háskólar sem tilheyra netinu myndu skrifa undir sameiginlega yfirlýsingu um neyðarástand í loftslagsmálum. Til þess að HÍ verði ekki eftirbátur í því mikilvæga alþjóðlega samstarfi þarf hann að fylgja því og ætti að stefna að því að verða leiðandi innan netsins og setja fordæmi með því að gera sér róttæka og metnaðarfulla aðgerðaáætlun í loftslagsmálum og fylgja henni eftir. Þannig getur hann stillt sér upp meðal fremstu háskóla heimsins þegar kemur að

baráttunni við loftslagsvána, sýnt samfélagslega ábyrgð og þar af leiðandi getið sér góðs orðs á alþjóðavettvangi. Að auki væri hann að taka afstöðu með stúdentum og setja gott fordæmi.

Til að koma stjórnsýslu skólans af stað hefur Stúdentaráð hér sett fram aðgerðarlista sem grípa mætti til nú þegar:

Samgöngur

- Stúdentum verði tryggður Umhverfispassi (U-passi) í almenningssamgöngur og umhverfisvænni samgönguleiðir.
- Bílar í eigu eða leigu háskólans verði allir umhverfisvænni, þ.e. knúnir með rafmagni, vetni eða metani.
- Bílastæðum fyrir rafbíla verði fjölgað enn frekar, sem og hleðslustöðvum. Rafmagnsbílar og aðrir bílar sem nota ekki jarðefnaeldsneyti fái forgang í stæði við háskólann.
- Starfsfólki háskólans og stúdentum verði gert aðgengilegra að nýta sér ferðamáta sem krefjast ekki notkunar jarðefnaeldsneytis, m.a. með því að bæta göngu- og hjólaleiðir í kringum háskólann.
- Dregið verði verulega úr utanlandsferðum starfsmanna Háskóla Íslands vegna starfa sinna. Fyrir nauðsynlegar utanlandsferðir verði flugin kolefnisjöfnuð.
- Starfsfólk háskólans verði hvatt til þess að ferðast frekar innanlands en utan, t.d. þegar vinnutengd ferðalög snúast um að fá vinnufrið til að skrifa eða klára verkefni fremur en heimildaöflun eða tengslamyndun.

Kennsla og rannsóknir

- Áfangi um umhverfismál og sjálfbærni verði hluti af öllu grunnnámi, með sérstaka áherslu á loftslagsmál.
- Loftslagsmál verði tekin upp í sem flestum áföngum háskólans og tengd við viðfangsefnið sem fengist er við hverju sinni. Áhersla verði lögð á að valdefla nemendur til nýsköpunar, sjálfbærrar hugsunar sem og virðingu fyrir náttúrunni.
- Háskólinn beiti sér fyrir því að ákveðið fjármagn sé eyrnamerkt því að efla kennslu og rannsóknir á sviði sjálfbærni og loftslagsmála.
- Háskólinn gæti þess að sjóðir hans fjárfesti ekki í vinnslu jarðefnaeldsneytis eða innviðum tengdum henni.
- Háskólinn geri hringrásarhagkerfum hátt undir höfði í kennslu hagfræðitengdra deilda.

Innviðir og þjónusta

- Háskólinn taki græn skref í ríkisrekstri eins hratt og unnt er.
- Framboð á kolefnisfrekum matvörum, m.a. kjöti, verði minnkað um a.m.k. 50% á viðburðum á vegum háskólans og innan skólans alls.
- Allar nýbyggingar háskólans verði byggðar með sjálfbærni og lágmörkun umhverfisáhrifa að leiðarljósi og eldri byggingum verði viðhaldið með sömu áherslum.

- Stúdentar og starfsfólk geti sótt sem fjölbreyttasta þjónustu í nærumhverfi háskólans og stúdentagarða, m.a. heilsugæslu, lágvöruverðsverslun, líkamsrækt og sálfræðipjónustu, til að draga úr umferð til og frá svæðinu.

Háskólasamfélagið og loftslagsvæin

- Háskólinn mæli kolefnisfótspor sitt að minnsta kosti árlega og taki tillit til sem flestra þátta sem hafa áhrif á það, m.a. ferða starfsfólks og stúdenta til og frá skóla, vinnutengdra ferða starfsfólks, matar og bygginga.
- Háskólinn nýti sér lýðræðislega ferla (t.d. rökræðuþing eða Háskólaþing) til að setja saman ítarlegt plan um hvernig á að minnka kolefnisfótspor háskólans.
- Allt verði gert til að draga úr kolefnisfótspori háskólans en allt sem ekki er hægt að koma í veg fyrir verði kolefnisjafnað innanlands eða utan með þarlenda líffræðilega fjölbreytni í huga.
- Háskólinn upplýsi nemendur, starfsfólk og samfélagið allt um hvert kolefnisfótspor hans sé, hvaða leiðir hann hyggist fara til að draga úr umhverfisáhrifum sínum og hvaða árangri hann hefur náð, að minnsta kosti einu sinni á ári.
- Háskólinn nái kolefnishlutleysi fyrir árið 2025 og horfi þar til allrar losunar sem tengist háskólanum.

Rökstuðningur

Loftslagsbreytingar eru raunveruleg vá sem við mannkynið stöndum frammi fyrir sem tegund. Sögulega bera Vesturlandabúar mesta ábyrgð á þeim og er nauðsynlegt að við öll tökum ábyrgð. Sem stærsta menntastofnun og vinnustaður lítils lands, þar sem mjög mikil losun gróðurhúsalofttegunda á sér stað, hefur Háskóli Íslands tækifæri á að vera leiðandi í baráttunni við loftslagsvána, ekki aðeins á landsvísu heldur einnig ef miðað er við þau lönd og háskóla erlendis sem við berum okkur oftast saman við.

Um þessar mundir fer fram vinna við mótun stefnu Háskóla Íslands til ársins 2026 og kemur sjálfbærni- og umhverfisnefnd háskólaráðs að mótun sjálfbærniákvæðis fyrir þá stefnu. Margar þeirra aðgerða sem lagðar eru til hér að ofan ríma ágætlega við þá umræðu sem hefur átt sér stað innan sjálfbærni- og umhverfisnefndar háskólaráðs, en eru að mörgu leyti metnaðarfullri og róttækari en umræðan sem verið hefur þar. Nauðsynlegt er að Stúdentaráð þrýsti á HÍ að setja róttæk markmið á sviði sjálfbærni- og umhverfismála til þess að háskólinn geti verið leiðandi í loftslagsmálum.

Það er ekkert sem stendur í vegi fyrir metnaðarfullum aðgerðum HÍ í loftslagsmálum nema ákvarðanir stjórnenda hans. Stúdentaráð ætti, með öllum tiltækum ráðum, að þrýsta á háskólann að vera í fararbroddi í loftslagsmálum og að setja fordæmi fyrir land og þjóð, sem og háskóla úti um allan heim.

Umræður:

- AC: setur spurningamerki við rafmagnsbílaákvæðið og af hverju máli IAS um slíkt var vísað frá á SHÍfundum.
- AE: Hugsaði um þetta líka en þetta var nú þegar í stefnu nefndarinnar. Hugmyndin hér sé að setja hluti ur stefnu nefndarinnar inni aðgerðir HÍ.
- AC: Finnst leiðinlegt að þetta hafi ekki fengið umræðu á fundinum þegar IAS bar það síðast upp.
- JPP: Það var frávísunartillaga sem þurfti að taka til atkvæðagreiðslu strax, án umræðu skv. lögum SHÍ. Það eru nokkrar týpur af tillögum sem skal taka til atkvæðagreiðslu án umræðu, m.a. frávísunartillögur og tillögur um fundarhlé. Hefði ekkert verið á móti umræðu.
- AE: Sammála um að ég hefði viljað fá umræðu. Ég bauð Ingveldi á fund til að ræða þetta eftir að þessu var vísað frá.
- DTA: HRÓS á tillöguna. Er tímalína til staðar fyrir markmiðin?
AE: Eina ártalið er 2025 um kolefnishlutleysi sem er metnaðarfullt. Ég og fulltruar frá norðurlöndunum á SP ráðstefnunni unnum tillögur til ríkisstjórna okkar landa en ákváðum að hafa ekki ártöl því það væri mjög misjafnt hvað væri raunhæft í hverju landi. Erfitt að setja ártöl á allt.
- KLV: Varðandi punkt 5, með flugferðir starfsmanna. Á ekki að kolefnisjafna fyrir nauðsynlegar utanlandsferðir?
- AE: Jú, erum með punkt um svipað annars staðar en hægt að bæta við þarna til áhersluauka.
- JPP: Ertu með breytingartillögu?
- KLV: Já viðbót um að nauðsynlegar flugferðir skuli kolefnisjafna undir punkt 5.
- IAS: Varðandi punktana - Er að þæla í uppsetningunni, er ekki betra að þetta sé ein bls í stað fimm?
- AE: Þælingin að punktarnir myndu fylgja með. Það þarf eitthvað að fylgja með yfirlýsingu um neyðarástand.
- IAS: Er bara að spá í áhrifum útfærslunnar.
- JPP: ekkert mál að posta blaðsíðunni en tengil á aðgerðirnar t.d. þegar við birtum þetta. Það er bara hægt að ræða
- RP spyr út í hvernig verður ákveðið að útfæra þetta og við hverja er rætt

- JPP: væntanlega þau sem báru upp tillöguna og IAS fyrst hún minnst á það. Vill fundurinn ræða þetta nánar?

VÓ kemur inn á fundinn 17:25.

- ÁJ: VAr komið eitthvað meira um hvort vinna umhverfis- og sjálfbærnefndar háskólaráðs færi í heildarstefnuna eða?
- AE: Nú á sjálfbærnistefnan að vera hluti af heildarstefnunni.

Kosning á breytingartillögu: KLV

Freydís og Þórdís sitja hjá

Aðrir samþykkja

Kosningum tillöguna í heild sinni: Einróma samþykkt.

4. Hugrún - kynning (atkvæðagreiðsla) 17:35-17:50

- a. Kristín Hulda formaður Hugrúnar og Sigrún fulltrúi læknanema í stjórn kynna félagið og markmið þess. Kynna fyrirlesturinn sem þau fara með í framhaldsskóla landsins. Kynna líka fyrirhugaðar breytingar á heimasíðunni til að bæta við upplýsingum og fræðsluefni. Markmiðið er að auka aðgengi að skýrum og greinagóðum upplýsingum, bæði á íslensku, ensku og pólsku. Einnig verða til staðar leiðbeiningar fyrir foreldra til að ræða málefnið heima fyrir. “Háskólanemar hvetja foreldra til að ræða geðheilbrigði” er conceptið að herferðinni.
- Umræður
 - JPP: Ég hitti Kristínu Huld fyrir nokkrum dögum og fór með á fund LÍS hvort LÍS gæti dreift boðskapnum af fyrirhugaðri herferð og var herferð í geðheilbrigðismálum samþykkt hjá LÍS og höfðu þau samb. við Hugrúnu líka.
 - EB: Hrós á ykkur fyrir þetta. Magnaður metnaður. Geggjað! Kít í tærnar.
 - AE: Hrós á ykkur og fyrir starfið sem þið eruð að vinna. Hefði óskað eftir að hafa fengið þessa fræðslu í menntaskóla. Langar að spyrja, hafið þið þælt í því að hafa haft meiri fræðslu innan háskólastigsins?
 - KHG: Nei, getum ekki gert það, eigum fullt í fangi með framhaldsskólana. Það væri óskandi að fara í grunnskólana.
 - IAS: Hrós á ykkur! Það er til bæklingar á allskonar tungumálum með alls konar upplýsingum, hefur starfað í stjórnsýslu og átt erfitt með að koma öllum tungumálunum fyrir frekar en hitt. Hafið þið þælt í þrýstingi á landlækni?

- KHG: Við erum alveg pólitísk, værum til í að beita meiri þrýstingi. Skítlélegt að nemar séu að sinna einu geðfræðslunni í framhaldsskólum landsins.
- KLV: Hugmynd að slagorði: Verum huguð og ræðum geðfræðslu heima fyrir.
- JPP: Mælendaskrá er tæmd, þakkir fyrir komuna. Legg fyrir SHÍ hvort ráðið samþykki að SHÍ muni dreifa boðskap herferðarinnar þegar hún fer af stað í apríl?

Kosning: Einróma samþykkt.

5. Hlé 17:50-18:00

RKG kemur inn á fundinn 17:55

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Athugasemdir bárust á shi@hi.is í fundarhléi.

Kosning um breytingar:

Frá RP: Setning tekin út

Freydís og Ragna sitja hjá

Samþykkt

Frá AMV:

Setti fram spurningu undir liðnum um mótmæli með No borders

EB: Ég man að þú spurðir um heilsugæsluna, en ekki um No Borders. Manstu hvað þú spurðir um?

AMV: Nei, held að það hafi verið hvaða tilgangi þetta ætti að þjóna

Samþykkt 14

Sitja hjá RIR, Vigdís, Hrannar, Jessý, Freydís, Þórdís, Isabel, Tinna

Móti: RP

Samþykkt

Heilsugæsla - setti fram spurningu undir liðnum um heilsugæslu.

Samþykkt: 17

Sitja hjá: Róbert, Vigdís, hranna, jessý, freydís, Isabel, tinna, þórdís,

Á móti: enginn

Samþykkt

Canvas: Setti ekki fram þessa athugasemd, vill að athugasemd sé tekin út.

Samþykkt: 21

Sitja hjá: Eva, Vigdís, Hrannar

Kosið um fundargerð í heild sinni

Samþykkt einróma.

6. Aldursgreiningar - umræða 18:00-18:10

Umræður:

IAS Bókar:

Mig til þess að bóka í fundargerð undir þessum lið að það er ekki í lagi að þvinga fólk í aðstæður sem að því líður illa í t.d. vegna félagsfælni eða kvíða. Undirrituð líður til dæmis ekki sérlega vel í álíka aðstæðum vegna félagskvíða og það er ekki boðlegt að fólk sé kallað út vegna þess að það kys að sitja hjá eða er á móti í álíka kosningu eins og átti sér stað á síðasta stúdentaráðsfundi. Mín upplifun af þessu öllu saman var ekki góð og olli mér miklu stressi og ég veit að fleiri stúdentaráðsliðar voru á sama máli.

Við erum öll sammála um það að aldursgreina fylgdarlaus börn innan skólans með tanngreiningum er ekki siðferðislega rétt og Háskólinn á ekki að taka þátt í álíka rannsóknnum. Ég persónulega er á móti þeim, jafnvel þótt ég gat ekki staðið á háskólatorgi og mótmælt ásamt No borders og stúdentaráði.

Við í stjórn Vöku sátum samt ekki ráðalaus og ræddum þetta bæði við menntamálaráðherra og rektor á fundum okkar í tilefni af 85. ára afmæli Vöku.

Svona til að draga þetta saman, er ég mjög leið og sár að oddviti Röskvu benti á Vöku í heild sinni og gáfu það í skyn að við værum ekki á sama máli um tanngreiningar þótt að við vorum ekki tilbúin til þess að taka þátt í mótmælum með No borders. Ég vísa einnig í það að þegar stúdentaráð var að kjósa um að gefa út áskorunina til háskólaráðs Háskóla Íslands að endurnýja ekki samning við Útlendingastofnun um aldursgreiningar á fylgdarlausum hælisleitendum með tannrannsóknnum, var samþykkt einróma og afstaða stúdentaráðsliða

Vöku er ennþá á þann veg, vegna þess að Vaka er á móti því að aldursgreina fylgdarlaus börn innan háskólans með tanngreiningum.

Ingveldur Anna Sigurðardóttir

IAS: Langaði til að bóka á síðasta fundi en ég rann út á tíma. Það leið mörgum illa eftir fundinn, sumum fannst eins og við værum máluð sem rasistar. Það var upplifun sumra.

JPP: Sorglegt að það sé upplifunin. Ég benti ekki á Vöku sérstaklega, ég lýsti yfir að ég væri sorgmædd að atkvæðagreiðslan hafi farið á þennan veg. Grátlegt að einhver hafi upplifað að verið væri að mála einhverja upp sem rasista og útlendingahatara eins og þú nefnir.

Svo það sé algerlega á hreinu þá get ég fullyrt að það var ekki ætlun neins.

JPP bókar: *Ætlan fundarstjóra og forseta SHÍ með vonbrigðum við atkvæðagreiðsluna var því hún endurspegladi ekki umræðuna og því kom hún mér á óvart, auk þess benti ég ekki á vöku í heild sinni. Upplifun um að hafa verið sökuð um rasisma og vanlíðan er alltaf slæm í öllum aðstæðum og er það sorgleg er það fjarri lagi því sem ég upplifði um fundinn, enda aldrei inní myndinni.*

EB: Finnst leiðinlegt að þið hafið upplifað þetta svona. Kom mér á óvart að kosningin hafi farið svona. Ef ykkur líður illa megið þið endilega koma til mín og ræða það, ég tek gagnrýni mjög vel. Eins og ég bókaði á síðasta fundi þá var ég sorgmædd að við værum ekki lengur einróma. Það er smá partur eftir og vonandi verðum við samróma í því.

JPP: Núna myndi mig t.d. langa til að reyna að kalla eftir umræðu, eru ekki fleiri sem vilja ræða þetta - er fólk sátt með þessa niðurstöðu?

IAS: Þetta er svo ótrúlega erfitt mál, sumum finnst kannski erfitt að segja sínar skoðanir fyrir framan aðra. Sumir eru hræddir um að vera dæmdir, að vera svona og svona. Mér fannst erfitt að segja af hverju ég sat hjá og öðrum finnst það líka. Það er léttara þegar við erum að ræða um t.d. upptökur í tíma.

JPP: Maður ber á sama tíma ekki ábyrgð á tilfinningum annarra sem eru á bak við atkvæði eða bakvið það þa vilja ekki tjá sig, það er engin leið að vita að einhverjum myndi líða illa.

RP: Gott að þú IAS getir sagt þetta núna. Málið er enn ekki lokað, við þurfum að beita þrýstingi vegna tanngreininga. Viljum við greinarskrif eða eitthvað?

JPP: Tek undir þetta hjá Ragnhildi á sama tíma og mér finnst mikilvægt að halda umræðunum um það sem IAS varpaði ljósi á áðan áfram.

DTA: Þetta var mikið tilfinningamál. Kunni ekki við hvernig við vorum máluð sem rasistar eða útlendingahatarar. Ég og AC komum með mál á þessum fundi tent erlendum nemum t.d. Fannst óviðeigandi hvering var talað hérna inni.

EB: Ég vil hafa það á hreinu að ekkert í minni bókun gagnrýndi afstöðu ykkar eða gagnrýndi ykkur beint, frekar að það hafi verið leiðinlegt að við höfum ekki átt samtalið. Mér finnst þetta mjög harður dómur. Ég vil að við séum sameinuð. Svo það sé á hreinu þá vitum við að þið eruð ekki rasistar eða útlendingahatarar eða séuð með tanngreiningum.

JPP: Ég hef aldrei heyrt svona stór orð notuð í minn garð. Ég er hálf orðlaus, ef þetta beinist að mér og ætla að láta þar við sitja í bili.

IAS: Þetta var kannski frekar upplifun af orðaskiptum hérna inni.

AC: Þú áttir í samtali við okkur sem oddvita en ég fór svo með það til Vöku. Það eru skiptar skoðanir innan Vöku. Mjög leitt að einst. innan Vöku hafi upplifað þetta hér.

JPP: Leitt að það hafi ekki komið upp umræða, ég gagnrýndi það en ekki afstöðuna um að vera á móti því að mótmæla. Engin er efitr á mælendaskrá.

7. Ársreikningur 2019 - kynning 18:10-18:50

- a. Jónas Már Torfason kemur og kynnir ársreikning starfsársins 2018-2019. 3% skekkja tæplega frá síðustu fjárhagsáætluninni se mhaði verið kynnt. Fyrsta skipti sem þetta er gert í nokkurn tíma með þessum hætti, þ.e.a.s bæði tímaskráningarnar, fjárhagsáætlun og svo ársreikningar. Vorum að rétta ákveðinn halla í þessu og það hafði ekki gefist mikil reynsla í áætlanagerð. Skiluðum hagnaði upp á 721 þ.kr. Það er ágæt skýring á því, vegna niðurfærslu á kröfum m.a. Langar að benda á aukningu á handbæru fé. Munurinn á þessum tveimur tölum er það sem kom inn á árinu. Hvað er inn á bankareikningum þegar ég tek við vs. þegar HLM tekur við. Helstu breytingar voru að launakostnaður jókst, þó ekki eins og vert var ráð fyrir. Launahækkanir og mótframlag vinnuveitenda í viðbótalífeyrissparnað. Svo bætti við starfsgildi undir lokin. Við fullnýttum hinsvegar ekki alla tímana og spöruðum þess vegna. Héldum betur utan um tímaskráningu sem skilaði þessu. Stúdentablaðið og Akademían lækkaði talsvert í kostnaði þökk sé góðum samningum. Laun formanns í skjalinu eru laun allra starfsmanna. JPP er ekki með 17 millz á ári.

AC: Kaffikostnaður fór niður úr 35 í 8 þ. kr. Hvað er það?

JPP: Það voru Litlu Jólin, það var keypt kaffi fyrir SHÍ liða og piparkökur. Og já þið voruð að borða piparkökur síðasta árs á litlu jölunum okkar.

AC: Tækjaleiga

JMT: Það er allskonar undir bókhaldslyklum.

JPP: KPMG

RP: af hverju er Akademían ekki sett sér? Umbrot og hönnun - ég held að það hafi verið 100 þ.kr. fyrir hvert blað og ætti því að vera 500 þ.kr.

JMT: Líklega er eitthvað að fara á milli ára.

JPP: HLM segir að það séu bæði tekjur og gjöld sem hún erfði frá JMT.

AC: Hvað fáum við mikið í augl.tekjur?

JMT: 500 þ.kr. fyrir hvert blað

RP: Stundum minna, stundum meira.

AC: Hvað er mikið prentað?

JPP: 800, vorum að prenta 1000 áður

AC: Væri draumur að geta minnkað prentun.

JPP: Það er stefnan

RP: Fyrirtæki eru örugglega frekar að gera þetta v/ goodwill en v/ markaðstækifæra

KLV: Ég reyni oft að fara inn á student.is, en hún er mjög oft niðri.

JPP: Sumir vafrar gera þetta. En ný síða á leiðinni!

Allir: Vúúú

JMT: Útskýring á kostnaði við símanúmer í kosningum.

RIR bókar

Bókun vegna ársreikninga 2019-2019

Undirrituð vilja lýsa yfir mikilli ánægju með framkvæmd ársreikninga tímabilið 2019-2020. Rekstur Stúdentaráðs hefur tekið viðsnúningi undanfarin ár og er því helst að þakka skipulagi og faglegum vinnubrögðum framkvæmdastjóra seinustu þriggja ára. Það er nauðsynlegt að vel sé haldið utan um rekstur Stúdentaráðs og að ráðið skili sér réttu megin við núllið. Hagsmunabarátta sem rekin er í sífellndri skuld er ekki til þess fallin að ná fram árangri og því á skrifstofa Stúdentaráðs og sér í lagi framkvæmdastjórar seinustu ára sérstakt hrós skilið fyrir viðsnúning á rekstrinum.

Róbert Ingi Ragnarsson, Eyrún Baldursdóttir, Ragnhildur Þrastardóttir, Þórhildur Elísabet Þórsdóttir, Þórdís Dröfn Andrésdóttir, Jessý Jónsdóttir, Aðalbjörg Egilsdóttir, Andrea Ósk Sigurbjörnsdóttir, Ásmundur Jóhannsson

8. Fjárhagsáætlun SHÍ 18:50-19:30

a. HLM er veik - JPP gerir grein fyrir fjárhagsáætlun

b. HÍ vanreiknar launatengd gjöld. Það er í vinslu að leiðrétta, eins og kynnt var í síðustu kynningu á fjárhagsáætlun er forsendur samninga við HÍ sú að þeir standi undir launum starfsfólks skrifstofunnar. Allir aðrir rekstarliðir eru annað hvort á áætlun eða í plús f. utan ársreikningagerð. Þá verður talað við Oktoberfest til að leiðrétta það að við séum 170þúsund lægri í greiðslu frá þeim í ár þrátt fyrir það hafa selt miklu meir inn á hátíðina. Einnig varðandi ársreikningagerð þá skilst okkur að margir ársreikningar sem við þurftum að gera í fyrra og þá var það 700 þúsund fyrir 2-3 ársreikninga. Nú fengum við kröfu uppá 700 þús fyrir einn reikning sem við teljum ekki standast og erum í vinnu við að breyta.

- Umræður
- AE: Ætlaði að biðja um fundarhlé, geri það eftir liðinn.
- IAS spyr út í peningamál: Spyr út í heildartölur
- JPP útskýrir rekstrarkostnað og hvernig hann virkar.
- JPP: HLM sendir minnisblað
- IAS: á miklu barnamáli
- AC spyr út í íþróttaskólann
- JPP útskýrir hvernig málið er búið að vera í samskiptum við íþróttافرæði en það hefur tafist mikið.
- JPP: Sendum batakveðjur til HLM fundarritara hún er besti snillingur veraldar, LOV HER.

AE biður um fundarhlé

Kosning

Situr hjá DTA

Samþykkt.

Fundarhlé 18:55-19:05

JPP: Það er hluti af því að vinna í hóp að eiga umræður. Ég fagna auðvitað umræðum um fundarstjórn. Ég er alltaf uppá skrifstofu og þætti vænt um að eiga samtöl og hvet til þess.

Mál Vigdísar



Stúdentaráð Háskóla Íslands

Fundur Stúdentaráðs 19. febrúar 2020

Flutningsaðili: Vigdís Ólafsdóttir

-Tillaga-

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að réttindi stúdenta í stéttafélögum verði aukin. Þetta væri hægt að útfæra með því að sjúkrasjóðir stéttarféлага landsins myndu aðlaga sig þörfum námsmanna á þann hátt að eftir tvo mánuði væri hægt að fá styrk úr sjúkrasjóðum stéttarféлага fyrir öðru en sjúkradagpeningum en þó að hámarki þá fjárhæð sem greidd hefur verið í sjóðinn.

-Rökstuðningur-

Námsmenn vinna oft í sumar- og jólafríum sínum í gegnum grunnskóla, menntaskóla og háskólagöngu sína. Þeir eiga samt margir hverjir ekki rétt á styrkveitingum úr sjúkrasjóðum stéttarféлага. Það er orðið löngu tímabært að endurskoða reglur sem lúta að sjúkrasjóðum stéttarféлага. Verkefni sjúkrasjóða eru almennt að veita félagsmönnum aðstoð vegna veikinda, slysa eða vegna andláts. Enn fremur er verkefni sjúkrasjóða yfirleitt að vinna að

fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar. Til skýringar á eru hér listaðar upp núgildandi úthlutunarreglur hjá stærstu stéttafélögum landsins:

Sjúkrasjóður BHM: Það þarf að hafa greitt samtals í 6 mánuði og þar af samfellt í 3 mánuði fyrir tekjutap/útgjöld til þess að eiga rétt á sjúkradagpeningum og öðrum styrkjum.

Sjúkrasjóður VR: eftir 1 mánuði í starfi á sjóðfélagi rétt á sama fjölda mánaða í sjúkradagpeningum og svo koll af kolli. Aðrir styrki (líkamsrækt, gleraugu o.s.frv.) koma til álita eftir 6 mánaða samfellda innborgun.

Sjúkrasjóður Eflingar: þarf að hafa greitt samfellt í sjóðinn í 3 mánuði fyrir sjúkradagpeninga en samfellt í 6 mánuði fyrir flesta aðra styrki.

Því má álykta að þessir sjúkrasjóðir séu byggðir upp þannig að námsmenn í sumarstörfum borgi sífellt í sjóði án þess þó að fá eitthvað á móti. Hjá VR og Eflingu er ómögulegt fyrir námsmenn í sumarstörfum að sækja um styrki aðra en sjúkradagpeninga, þó þeir séu ekki mjög aðgengilegir. Hjá sjúkrasjóði BHM eiga aðeins þeir möguleika að sækja um styrki eða sjúkradagpeninga sem hafa borgað í sjóðinn í tvö sumur í röð, hér fyrnist vinnutíminn ekki sem hefur safnast upp en við tekjutap/útgjöld þarf sumarstarfsmaður að hafa unnið í 3 mánuði samfellt. Þeir sem hafa verið í sumarvinnu vita flestir að ekki er hægt að stóla á að geta unnið í heila 3 mánuði yfir sumartímann (allan Júní, Júlí og Ágúst) og því hafa öll kerfin annmarka.

Til þess að koma í veg fyrir það að námsmenn séu að borga árum saman til stéttarféлага en ekki geta sótt í sjúkrasjóði er lagt til að eftir tvo mánuði sé hægt að fá styrk úr sjúkrasjóðum stéttarféлага fyrir öðru en sjúkradagpeningum en þó að hámarki þá fjárhæð sem greidd hefur verið í sjóðinn. Stúdentar eiga ekki að glata uppsöfnuðum réttindum. Með því verður bundið enda á að stúdentar sem að er einn þeirra samfélagshópa sem hefur hvað minnst á milli handanna sé í raun að styrkja stéttarfélögin. Flestir vinna a.m.k. 2 mánuði yfir sumartímann, því er það ákjósanlegt viðmið.

Mikilvægt er að auglýsa breytingarnar vel ef að þeim verður, til þess að namar séu upplýstir um réttindi sín.

Brýnt er að benda á það að lokum að stéttarfélag og sjúkrasjóðir eru ekki sami lögaðilinn en aðild að stéttarfélagi veitir aðild að sjúkrasjóði. Þetta mál hefur því með stjórn sjúkrasjóða stéttarfélaganna að gera.

Við missum réttindi okkar á sumrin

Hafði samband við Andra hjá BHM. Þetta hefur verið rætt í sjúkrasjóðnum þeim. Ég Langar að fá umræður til að fá stuðning stúdenta:

Umræður:

AC: Hvað er sjúkrasjóður? Veitir það manni endurgreiðslu á skólagjöldum?

VÓ: Veitir endurgreisðlur fyrir krabbameinasskoðanir og heryfingastyrkir.

JPP: Mismunandi réttindi.

BT: Sum stéttarfélag eru með diet útgáfu. T.d. SFF. Ég get sjálfur valið að vinna í FÍN þó ég sé að vinna hjá Eflingu.

AE: Er það ekki rétt að sálfræðingar og sjúkraþjálfarar falli líka undir sjúkrasjóð?

JPP: Sálfræðingur var í öðrum sjóði hjá mér.

RIR: Svarar AE: Mismunandi eftir stéttarfélagum. VR er t.d. með það undir sjúkrasjóð.

AC: Það er mismunandi eftir verkalýðsfélögum hvað er hægt að sækja um?

JPP: Já, hér er t.d. almenn skilgreininga úr tillögunni: Almenn virkni þeirra: “Verkefni sjúkrasjóða eru almennt að veita félagsmönnum aðstoð vegna veikinda, slysa eða vegna andláts. Enn fremur er verkefni sjúkrasjóða yfirleitt að vinna að fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi og heilsufar. “

Ragna: Flott vinna í kringum þetta. Getur verið að maður getir fengið úr öðrum sjóðum? T.d. ef ég vil fá endurgreisðlu á sálfræðingi, en það er ekki í sjúkrasjóði. Get ég þá fá það?

VÓ: Ég var bara að einbeita mér að sjúkrasjóð, því það eru til svo margir sjóðir og mörg félög. Það sem hindrar þetta er að einst. þarf að vinna í 6 mán. samfleytt.

IAS: Geggjað að koma með þetta, var að spá, held að flestir sæki um styrk vegna skólagjöldanna. Það veit enginn af sjúkrasjóð. Það er svo rosalega mikið af öðrum styrkjum sem eru drullu mikilvægir. **Kemur með breytingatillögu: taka út sjúkra**

AC: Geggjað, mikil þörf á þessu. Væri til í að sjá þetta stærra, að fá þetta í heildina. Það er t.d. menntastyrkur. Vill ekki sjá þetta einskorðast við sjúkrasjóð.

JPP: Kemur með breytingartillögu: Tillagan er með sérgreindum upplýsingum fyrir sjúkrasjóði og þeir eru sérstakir og lúta ekki sömu stjórn og stéttarfélögin almennt. Leggur til viðbót: “Þá skal Stúdentaráð Háskóla Íslands fara í sambærilega gagnaöflun um réttindi í öðrum sjóðum stéttarfélaganna og halda til streitu sama markmiði þegar þess þarf.”

Ragna: Tek undir með JPP, það er eðlilegt að tillagan sé svona vegna þeirrar gagnaöflunar sem hefur átt sér stað.

VÓ: Það var hvernig ég hugsaði þetta. Svo getum við séð eftir fund með sérfræðingi BHM.

ÁJ: Tek undir að byrja á þessum litla hlut og vinna málið svo áfram. Góð byrjun.

RP: Sammála um að þetta sé góð byrjun. Þið eruð s.s. að hugsa um undanþágu fyrir stúdenta?

VÓ: Já, það sé þá hægt að sækja um það sem viðkomandi hafi borgað eða í hlutfalli við það.

RP: Er að hugsa um að ég er t.d. í blaðamannafélaginu og væri alveg til í þetta. Er þess vegna ekki sammála um að einskorða þetta við stærstu stéttafélögin.

VÓ: Ég hugsaði það líka, verandi í litlu félagi.

RP: **Kemur með breytingartillögu:** Taka út stærstu

AC: Er möguleiki að safna réttindum?

VÓ: Það sem mér finnst mikilvægt er að það sé hægt að sækja um í sjóðinn þegar maður ekki að vinna. Ég legg til að útfærslu á þessu í skjalinu. Það væri kannski hægt að breyta því.

AC: Það væri gott að bæta í textann að þú getur sanfað þér upp réttindum. **Kemur með breytingartillögu á rökstuðningi:** Stúdentar eiga ekki að glata uppsöfnuðum réttindum..

JPP: Sjúkrasjóðirnir eru sér batterí.

Kosning um breytingartillögu frá IAS:

Með: Adda, IAS

Sitja hjá: Ragnhildur, Kolbrún, Einar, Azra, Derek, Úlfur

Á móti: Rest

Fellt

Kosning um breytingartillögu frá JÞP:

Með: Rest

Á móti:

Sitja hjá: Tinna

Samþykkt

Kosning um breytingartillögu frá RÞ:

Með: Rest

Á móti:

Sitja hjá: Hrannar

Samþykkt

Kosning um breytingartillögu frá AC:

Með: Rest

Á móti: ÁSi, EB

Sitja hjá: RIR, Þórdís, Isabel, Freydí, Jessí , Hrannar, Elín, VÓ

Samþykkt

Kosning um tillögu:

Einróma samþykkt ben HÚRra

9. Fulltrúi í ráði um málefni fatlaðs fólks (lokaður dagskrárliður) 19:30-19:40

Loka liðnum

Sitja hjá: Hrannar, Elín

Rest: Með

Samþykkt

Kosið um tilnefninguna:

Einróma samþykkt

10. Önnur mál 19:40-20:00

Annað mál frá KLV

-- T I L L A G A --

Jafnt aðgengi að námi

Ég, undirrituð, legg til að Stúdentaráð taki þátt í því að beita þrýsting á stjórnslu Háskóla Íslands um að fjölga plássum í starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun og hleypa nýnemum að á hverju ári.

Flutningsaðili: Kolbrún Lára Kjartansdóttir

Rökstuðningur

Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun var sett á laggirnar sem rannsóknartengt tilraunaverkefni við Kennaraháskóla Íslands (KHÍ) haustið 2007, sama ár og Ísland skrifaði undir samning Sameinuðu Þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Menntavísindasvið Háskóla Íslands (MVS) tók svo við þegar KHÍ sameinaðist Háskóla Íslands (HÍ). Frá upphafi greiddi Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð, laun umsjónarmanns námsins en frá hausti 2015 hefur HÍ fjármagnað námið að fullu eins og annað nám við háskólann (Fjölmenn, símenntunar- og þekkingarmiðstöð). Nú hefur námið verið í boði í tæp 13 ár og útskrifað 6 hópa (annað hvert ár) en námið er hannað sem einstaklingsmiðað starfstengt nám þar sem að nemendur fá stuðning í bóklegu námi, sem og á vettvangi. Tilgangur námsins er að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku (á afmörkuðum starfsvettvangi).

Rannsóknir sem gerðar hafa verið á árangri diplómanámsins hafa sýnt að nemendur sem hafa lokið náminu eiga mun auðveldara með að komast í störf á sínu námssviði og bera meiri ábyrgð að námi loknu. Nemendurnir lýsa því að mikilvægasti ávinningurinn sé samvera við aðra háskólanemendur og sú upplifun að vera í háskóla (Guðrún V. Stefánsdóttir & Vilborg Jóhannsdóttir, 2011).

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) er tilgreint að stefna skuli að því að koma á menntakerfi, án aðgreiningar á öllum skólastigum. Frá upphafi hefur

námið tekið við um 20 nemendum á 2 ára fresti með litlu sem engu brottfalli og jákvæðum árangri fyrir samfélag og nemendur. Í Fundargerð 246. Stjórnarfundar Menntavísindasviðs (2018) segir að starfstengda diplómanámið hafi flotið styrk frá kennslumálasjóði upp á 1 milljón kr. til þess að þróa námið frekar. Ég, undirrituð, vil sjá fjölgun í náminu og að tekið verði við nýnemum á hverju ári, í stað tveggja ára.

- a. Greinir frá málinu. Þetta er nám eins og hvert annað, því á að hleypa fólki inn í diplómanámið á hverju ári, ekki bara annað hvert ár. Það eru jákvæð áhrif fyrir nemendur og samfélagið.

Umræður

- DTA: Við þurfum að reyna að tryggja jafnt aðgengi að námi. Flott mál.
- ÁJ: Sammála um að þetta sé gott mál. Voru einhver rök fyrir þessu tveggja ára dlæmi fyrst?
- KLV: Vegna þess að þetta var tilraunaverkefni. Það hefur reynst mjög vel. minna brottfall oþh.
- EB: Mikilvægt framhald á þessu máli. Mjög flott.
- VÓ forvitnast um námið
- KLV útskýrir.
- RÞ: Frábært mál, en hvern þrýstum við á? Deildarforseta?
- KLV: Já líklega....
- RÞ: Þannig að sviðsráð mun koma að þessu?
- JPP: Það er eðlilegur fyrsti staður að Vopni fari með þetta inn í stjórn Menntavísindasviðs, þaðan er kannski hægt ða breyta reglum se mþarf.

Kosning

Einróma samþykkt

Annað mál Ingveldar

-- T I L L A G A --

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands beiti sér fyrir því að gera Tengslatorg aðgengilegra og sýnilegra í samstarfi við NSHÍ, til dæmis með því að bæta Tengslatorgi við á forsíðu Uglunnar þar sem nýjustu störfin væru auglýst.

Flutningsaðilar: Adda Malín Vilhjálmsdóttir,
Ingveldur Anna Sigurðardóttir og Úlfur Traustason
Skýring

Vefurinn Tengslatorg er alhliða atvinnumiðlun fyrir nemendur og jafnframt liður í að efla tengsl Háskóla Íslands við samfélagið, atvinnulífið og hið opinbera.

Tengslatorg er mjög góð hugmynd en það vantar betri útfærslu svo að hún nái betur til nemenda. Til að auka sýnileika Tengslatorgs er hægt að setja link á Tengslatorg með starfsauglýsingum á forsíðu Uglunnar þar sem fleiri upplýsingar eru eins og afmælisdagar, matseðill og ýmislegt fleira. Fáir nemendur við Háskóla Íslands vita af þessum kosti sem og fyrirtæki landsins. Nemendur þurfa að vera betur upplýstir um þá möguleika sem þau hafa út á atvinnumarkaðinum. Því er mikilvægt að Háskóli Íslands efli tengslin við fyrirtæki og bjóði þeim kynningu á Tengslatorgi og hvað það hefur upp á að bjóða. Stúdentaráð getur líka kynnt Tengslatorg fyrir fulltrúum nemendafélagana sem þau geta svo miðlað áfram til sinna félagsmanna og samstarfsfyrirtækja.

Með því að efla Tengslatorg gæti bilið milli atvinnulífsins og Háskóla Íslands minnkað. Það er erfitt að fara út á vinnumarkaðinn með enga reynslu á þeim starfsvettvangi sem stúdentar ætla að starfa við. Stökkið úr bókum og á atvinnumarkaðinn er mjög breitt og með eflingu Tengslatorgs myndi það bil minnka.

- a. IAS: Kynnir málið. Langar að brúa bilið. Það eru flott störf þarna, þetta er til staðar. Það væri hægt að reacha til fyrirtækja.
- b. Þetta mætti fara fremst á uglu, þá færur fyrirtæki mögulega að sjá sér hag í að auglýsa þarna.

Umræður

- RIR: Hef ekkert út á málið að setja, en af hverju kemur þetta svona seint inn í fundargögn?
- IAS: Ég ber ábyrgð á því, mannleg mistök
- VÓ: Það er hægt að smella á Torg á forsíðu HÍ/Uglu?
- IAS: Viljum fá það á forsíðuna. IAS: Bilið á milli háskólans og atvinnulífsins er drullustórt og því er um að gera að minnka það.

- AC: Það er líka í tillögunni að nemendafélgöin geti kynnt tengslatorg fyrir samstarfsfyrirtækjum.
- JPP: Ég bauð Jónínu á fund með nemendafélagunum þar sem hún kom einmitt inná þetta til þeirra. UTS batteríð oft hægt batterí
- AC: Talandi um hæg batterí þá var aukakennarar samþykkt
- JPP: Mjög flott
- DTA: Það er ekki augljóst hvað Tengslatorg er ef maður talar ekki íslensku.
- Jessý: Það getur verið erfitt fyrir nemendafélög að taka þessa vinnu á sig.
- Adda: Já þetta yrði ekki skylda, bara fá nemendafélög í samstarf að gera þetta
- ÁJ: Þau eru nú þegar Náði ekki :S
- EB: Get ekki haft neitt um málið að segja en hafði ekki tíma til að undirbúa mig undir þessa umræðu

Kosningar

Samþykk: rest

Sitja hjá: Eva, Andrea, Jessý, RIR, EB

Móti enginn

AE með spurningu: Ætlaði að leggja til að taka upp aðgerðaráætlun líka á landsþingig LÍS.

Þarf það samþykki núna?

JPP: Það má taka upp á sérstökum undirbúningsfundi fyrir landsþingið.

11. Bókfærð mál

Afgreidd voru eftirfafandi bókfærð mál:

Bókfært mál 1 - Breyting á skipan fulltrúa í lagabreytinganefnd

*18. febrúar 2020
Stúdentaráðsfundur*

Fulltrúi í lagabreytinganefnd og tilnefning Röskvu í nefndina, Inger Erla Thomsen, hefur sagt af sér. Ný tilnefning Röskvu er Gaukur Steinn Guðmundsson.

Bókfært mál 2 - Fulltrúi á vegum sameinuðu þjóðanna

18. febrúar 2020

Stúdentaráðsfundur

Á þessu ári hafa þegar farið fram nokkrar tilnefningar Stúdentaráðs til hina ýmissu embætta á vegum Íslands á ráðstefnum Sameinuðu þjóðanna. Nú er komið að [fulltrúa á sviði heimsmarkmiðanna](#). Lagt er til sama ferli og verið hefur:

Nánar tiltekið að skipuð verði þriggja manna nefnd til meðferð umsókna í LUF, nú til fulltrúa Íslands vegna heimsmarkmiðanna, á grundvelli hæfnisramma. Tveir fulltrúar úr Stúdentaráði, einn úr minnihluta og annar úr meirihluta, og einn af skrifstofu Stúdentaráðs, sem hafa ekki hug á umsókn, með aðstoð frá starfsmannastofu háskólans eftir því sem þörf krefur. Fulltrúi skrifstofu sinni hlutverki formanns nefndarinnar, þ.e.a.s. sinni þess konar hlutverkum á við að boða fund nefndarinnar, haldi utan um umsóknir og stýri yfirferð umsókna. Nefndin skili svo niðurstöðum til stjórnar SHÍ þar sem umsækjendur, ef einhverjir verða, víki af fundi og stjórn fari yfir og staðfesti niðurstöðu nefndar þar sem hæfniskröfur LUF eru umboð frá stjórn. Þá er lagt til að auglýsingunni verði beint til Stúdentaráðsliða, nefndarmeðlima og meðlima skrifstofu Stúdentaráðs.

Skýring:

Upp hefur komið ný staða á vegum Landssamtaka Ungmennafélaga (LUF). Staðan er sú sama og áður hefur verið skipað í einu sinni með þessum hætti, nú á sviði loftslagsmála en áður á sviði mannréttindamála. Engin formleg framkvæmd er til um skipun í stöðuna og því lagt til að sami háttur verður hafður á að nýju, þar sem tímafresturinn er skammur. Stúdentaráð er aðili að LUF og hefur rétt á að tilnefna einn aðila til að gegna embættinu. Ofangreind tillaga er sambærileg og við skipun fulltrúa á sviði mannréttindamála og tekur mið af því að gera ferlið sem hlutlausast hvort sem Stúdentaráðsliðar, nefndarmeðlimir eða meðlimir skrifstofunnar sækja um. Þá er skýrt nánar hver heldur um umsóknir, boðar fund nefndarinnar og slíkt þar sem það var ekki tilgreint síðast.

Hæfniskröfur LUF eru:

1. Umboð frá aðildarfélagi LUF.
2. Vera á aldrinum 18 (þegar fundurinn hefst 7. júlí 2020) – 25 ára (á sambandsþingi LUF 29. febrúar 2020).
3. Hafa þekkingu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
4. Hafa reynslu af hagsmunastarfi ungmennafélaga.
5. Búa yfir leiðtogaþæfni og frumkvæði.

6. Hafa vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
7. Viðeigandi menntun sem nýtist í embætti / þekking á Sameinuðu þjóðunum er kostur.

Umfram hæfniskröfur LUF er lagt til að Stúdentaráðsliðar, nefndarmeðlimir og meðlimir skrifstofu Stúdentaráðs séu þeir sem geti sótt um stöðuna. Það er gert með það að leiðarljósi að takmarka umsóknarfjölda vegna tímapressu auk þess sem þeir aðilar hafa nú þegar umboð frá stúdentum háskólans, beint eða óbeint. Auglýsing yrði send af shi@hi.is á netföng þessara aðila.

Auglýsing - drög:

Auglýst er eftir umsóknum til þess að gerast tilnefning Stúdentaráðs Háskóla Íslands til Landssambands Ungmennafélaga vegna ungmennafulltrúa Íslands hjá Sameinuðu þjóðunum á sviði heimsmarkmiðanna (e. United Nations Youth Delegate of Iceland on the SDG's). Samkvæmt auglýsingu LUF skulu stjórnir félaga veita einum aðila umboð til að vera tilnefning félagsins. Öll aðildarfélög LUF (með fulla aðild og áheyrnaraðild) geta boðið fram einn fulltrúa. Áhugasamir félagsmenn aðildarfélaga LUF þurfa því að óska eftir umboði frá stjórn viðkomandi félags. Í samræmi við samþykktu tillögu Stúdentaráðsfundar er hér með auglýst eftir umsækjendum til að vera tilnefning SHÍ.

Hæfniskröfur eru:

- Vera á aldrinum 18 (þegar fundurinn hefst 7. júlí 2020) – 25 ára (á sambandsþingi LUF 29. febrúar 2020).
- Hafa þekkingu á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.
- Hafa reynslu af hagsmunastarfi ungmennafélaga.
- Búa yfir leiðtogaþæfni og frumkvæði.
- Hafa vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.
- Viðeigandi menntun sem nýtist í embætti / þekking á Sameinuðu þjóðunum er kostur.
- Vera aðal-, varafulltrúi eða nefndarmeðlimur í Stúdentaráði eða meðlimur skrifstofu Stúdentaráðs.

Með umsókn skal fylgja ferilskrá og kynningarbréf sem skýrir hvornig umsækjandi uppfylli framangreindar hæfniskröfur og hvers vegna umsækjandi telur sig eiga að vera tilnefningu SHÍ. Senda skal umsókn **á xx fyrir kl. xx**.

Kjör Ungmennafulltrúa Íslands hjá SP á sviði heimsmarkmiðanna er liður í mótun sendinefndar LUF hjá Sameinuðu þjóðunum og mun hann skipa sérfræðihóp ásamt Ungmennafulltrúa Íslands hjá SP á sviði mannréttinda sem kjörinn var í sumar og Ungmennafulltrúa Íslands hjá SP á sviði loftslagsmála, sem kjörinn var í nóvember sl. Flest ríki Evrópu hafa lengi skipað Ungmennafulltrúa, sum frá árinu 1970 og önnur skipa yfir 20 fulltrúa sem sækja flesta viðburði Sameinuðu þjóðanna. LUF hefur lengi barist fyrir slíku fyrirkomulagi hérlandis og er það á góðri leið með að mótast með nánú samstarfi við Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi og með stuðningi utanríkisráðuneytisins, umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og forsætisráðuneytisins.

Fulltrúinn kemur til með að sækja fund ráðherra aðildarríkja SP í New York þar sem fjallað er um árangur ríkjanna við innleiðingu heimsmarkmiðanna undir aðgerðaráætlun 2030 (e. Agenda 2030). Flugfargjöld og dagpeningar verða greidd af forsætisráðuneytinu og skipulag dvalar verður ákveðið í samstarfi við samstarfsaðila. Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi veitir fulltrúanum ráðgjöf eftir þörfum. LUF heldur utan um efnislegan undirbúning og samstarf fulltrúans við aðra ungmennafulltrúa innan Norðurlanda- og Eistrasaltsríkjabandalagsins (Nordic Baltic Cooperation – NBC) og Evrópska ungmennavettvangsins (European Youth Forum – YFJ).

Ungmennafulltrúinn kemur til með að vera hluti af sendinefnd LUF hjá Sameinuðu þjóðunum, sem er starfshópur LUF um málefni ungs fólks hjá Sameinuðu þjóðunum. Nefndin virkar sem vinnuhópur, ráðgjafaráð, upplýsingaveita og brú á milli LUF, Félags SP á Íslandi og sendandi ráðuneyta. Fulltrúinn mun gegna embættinu þar til nýr tekur við.